

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/10/25

frá 6. apríl 2004

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/669/EB frá 6. apríl 2004 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir kæliskápa og um breytingu á ákvörðun 2000/40/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 1414)

(2004/669/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr., að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.
2. Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að settar verði sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
3. Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðunum fyrir umhverfismerki, sem og mats- og sannprófunarkröfunum er varða viðmiðanir, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðanananna sem tilgreindar eru fyrir hvern viðkomandi vöruflokk.

4. Rétt er að endurskoða vistfræðilegu viðmiðanirnar, sem settar voru með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/40/EB frá 16. desember 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir isskápa⁽²⁾, þannig að þær endurspegli þróun á markaðnum. Jafnframt skal breyta gildistíma þeirrar ákvörðunar.
5. Samþykktja skal nýja ákvörðun þar sem settar eru sérstakar vistfræðilegar viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk sem gilda skulu í þrjú ár.
6. Heimila ber aðlögunartímabil, sem er ekki lengra en 18 mánuðir, fyrir framleiðendur, sem hafa fengið eða hafa sótt um umhverfismerkið fyrir vörur sínar fyrir 1. maí 2004, svo þeir hafi nægan tíma til að aðlagja vörurnar þannig að þær séu í samræmi við nýju viðmiðanirnar.
7. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins setti fram skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.
8. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 306, 2.10.2004, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 32, 23.6.2005, bls. 24

(¹) Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

(²) Stjtið. EB L 13, 19.1.2000, bls. 22. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2004/214/EB (Stjtið. ESB L 67, 5.3.2004, bls. 23).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

5. gr.

1. gr.

Kælisápar, sem fá umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000, verða að falla undir vöruflokkinn „kælisápar“ sem skilgreindur er í 2. gr. og uppfylla þær vistfræðilegu viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

Ákvörðun þessi gildir, að undanskilinni 4. gr., frá 1. maí 2004 til 31. maí 2007.

Framleiðendur vara, sem falla undir vöruflokkinn „kælisápar“ og hafa fengið umhverfismerkið fyrir 1. maí 2004, mega nota merkið áfram til 31. október 2005.

2. gr.

Vöru-flokkurinn „kælisápar“ nær yfir alla kælisápa, frystihólf, matvælafrysta og sambyggða skápa af þessu tagi til heimilisnota sem ganga fyrir rafmagni úr almennri rafmagnsveitu. Tæki, sem geta einnig gengið fyrir öðrum orkugjöfum, s.s. rafhlöðum, eru undanþegin þessari ákvörðun.

Heimilt er að veita framleiðendum, sem hafa, fyrir 1. maí 2004, sótt um umhverfismerkið fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „kælisápar“, merkið með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2000/40/EB. Í þeim tilvikum er heimilt að nota merkið til 31. október 2005.

3. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „012“ notað fyrir vöruflokkinn „kælisápar“.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

4. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2000/40/EB komi eftirfarandi:

Gjört í Brussel 6. apríl 2004 .

„3. gr.

Ákvörðun þessi gildir til 30. apríl 2004“.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Margot WALLSTRÖM
framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

RAMMI

Til að hægt sé að veita tækinu umhverfismerki verður það að uppfylla viðmiðanirnar í þessum viðauka en markmiðið með þeim er að stuðla að því að:

- dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu tengdri orkunotkun (hnattrænni hlýnun, súmun, eyðingu óendurnýjanlegra orkugjafa) með því að draga úr orkunotkun,
- dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu tengdri notkun ósoneyðandi efna og annarra hættulegra efna, með því að minnka notkun þessara efna,
- dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu tengdri notkun efna sem búa yfir hnatthlýnunarmætti.

Þar að auki er viðmiðunum ætlað að stuðla að bestu framkvæmd (ákjósanlegustu notkun fyrir umhverfið) og að efla umhverfisvitund neytenda.

Merkingu plastíhluta er enn fremur ætlað að stuðla að því að tækið verði endurunnið.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að farið sé eftir viðmiðunum í þessum viðauka, hvort viðurkennd umhverfisstjórnunarkerfi, svo sem EMAS eða ISO 14001 séu notuð (*athugasemd: ekki er gerð krafa um að slík stjórnunarkerfi séu notuð*).

LYKILVIÐMIÐANIR

1. **Orkusparnaður**

Tækið verður að vera í orkunýtniflokki A+ eða A++ eins og skilgreint er í tilskipun 94/2/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2003/66/EB.

Umsækjandi skal leggja fram afrit af þeim tæknigögnum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2003/66/EB. Gögnin skulu innihalda skýrslur um a.m.k. þrjár mælingar á orkunotkun gerðar samkvæmt EN 153, sem aftur er gerður í samræmi við prófunarleiðbeiningarnar eins og útlistað er í verklagsreglum (Operational Code) frá ráði framleiðenda heimilistækja í Evrópu (CECED). Meðaltal þessara mælinga skal vera minna en eða jafnt framangreindu gildi. Gildið sem er tilgreint á orkumerkimiðanum skal ekki vera lægra en þetta meðaltal og orkunýtniflokkurinn, sem er tilgreindur á orkumerkimiðanum, skal samsvara þessu meðaltali.

2. **Minnkun á ósoneyðingarmætti (ODP) kælimiðla og freyðiefna**

Ósoneyðingarmáttur kælimiðla í kælrás og freyðiefna, sem eru notuð til að einangra tækið, skal vera enginn.

Notkun klórflúrkolefna og vetnisklórflúrkolefna sem kælimiðla og til að framleiða freyðiefni í ný tæki og setning þeirra á markað er ekki heimil samkvæmt reglugerð 2037/2000/EB.

3. **Minnkun á hnatthlýnunarmætti (GWP) kælimiðla og freyðiefna**

Hnatthlýnunarmáttur kælimiðla í kælrás og freyðiefna sem eru notuð til að einangra tækið skal vera jafn eða minni en 15 (skilgreindur sem jafngildi CO₂ í 100 ár).

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur. Umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans, eftir því sem við á, skulu greina þar til bærrí stofnun, sem metur umsóknina, frá því hvaða kælimiðlar og freyðiefni hafa verið notuð og veita upplýsingar um hnatthlýnunarmátt þeirra.

VIÐBÓTARVIÐMIÐANIR

4. **Lenging endingartíma**

Ábyrgjast skal að samhæfðir varahlutir og þjónusta verði í boði í tólf ár eftir að framleiðslu er hætt.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að þessi krafa sé uppfyllt.

5. Endurviðtaka og endurvinnsla

Framleiðanda ber án endurgjalds að taka aftur við tækjum til endurvinnslu og þeim íhlutum sem skipt hefur verið um, nema um hluti sé að ræða sem hafa mengast hjá notendum (t.d. tæki sem notuð eru í lækna- og kjarnorkustofnunum eða kjarnorkustofnunum).

Þessu til viðbótar skal tækið uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- 5.1. Framleiðandinn skal gera ráð fyrir því að kælskápurinn sé tekinn í sundur og leggja fram skýrslu þar að lútandi. Í skýrslunni skal m.a. vera staðfest:
 - að tengingar séu auðfínanlegar og aðgengilegar,
 - að auðvelt sé að finna og taka í sundur rafeindaeiningar,
 - að auðvelt sé að taka vöruna í sundur með algengum verkfærum,
 - að hægt sé að aðskilja ósamrýmanleg og hættuleg efni
- 5.2. Á hlutum úr plasti, sem vega meira en 50 g, skal vera varanleg merking, sem sýnir um hvaða efni er að ræða, í samræmi við ISO-staðal 11469. Hlutir úr pressuðu plasti eru undanþegnir þessari viðmiðun.
- 5.3. Hlutir úr plasti skulu ekki innihalda logavarnarefni úr fjölbrómuðum bifénylum (PBB) eða fjölbrómuðum difényleterum (PBDE). Plasthlutar skulu ekki innihalda logavarnarefni úr klórparaaffíni með 10–13 kolefnisfrumeinda keðjulengd, klórinnihald > 50% miðað við þyngd (CAS-nr. 85535-84-8). Umsækjandi skal lýsa því yfir að þessi krafa sé uppfyllt.
- 5.4. Hlutar úr plasti, sem vega meira en 25 g, skulu ekki innihalda logavarnarefni eða efnablöndur sem hafa fengið eða geta fengið, þegar umsóknin er lögð inn, einhverja af eftirfarandi hættusetningum:

Hættulegt heilsu manna:

- H45 (getur valdið krabbameini)
- H46 (getur valdið arfgengum skaða)
- H60 (getur dregið úr frjósemi)
- H61 (getur skaðað barn í móðurkviði)

Hættulegt umhverfinu:

- H50 (mjög eittrað vatnalífverum)
- H50/H53 (mjög eittrað vatnalífverum/getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni)
- H51/H53 (eittrað vatnalífverum/getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni), eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 67/548/EEC ⁽¹⁾.

Þessi krafa gildir ekki um logavarnarefni, sem breyta eðli sínu svo við notkun að ekki er lengur unnt að fella þau undir neinar af þeim hættusetningum sem eru taldar upp hér fyrir framan né heldur ef minna en 0,1% af logavarnarefninu heldur upphaflegum eiginleikum sínum í meðhöndluðum hlut. Öll logavarnarefni, sem hafa verið notuð, skulu tilgreind í skjölunum með umsókninni fyrir umhverfismerkinu sem lögð eru fram fyrir þar til bæra stofnun sem annast úthlutunina (eftir nafni og CAS-númeri).

- 5.5. Á tækinu skal tilgreina tegund kælimiðils svo og freyðiefnis sem er notað til einangrunar, nálægt merkiplötunni eða á henni, til að auðvelda hugsanlega endurnýtingu.

Með hliðsjón af viðmiðunum 5.1, 5.2, 5.3 og 5.5 skal umsækjandi lýsa því yfir að tækið uppfylli þessar kröfur. Umsækjandi skal leggja afrit af sundurhlutunarskýrslunni fyrir þar til bæra stofnun er metur umsóknina. Umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans, eftir því sem við á, skulu tilkynna þar til bærrí stofnun hvaða kælimiðlar og freyðiefni hafa verið notuð.

⁽¹⁾ Stjórn. EB 196, 16.8.1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/73/EB (Stjórn. ESB L 152, 30.4.2004, bls. 1).

Með hliðsjón af viðmiðun 5.4 skulu logavarnarefni, ef þau eru notuð, ekki hafa fengið neinar framangreindar hættusetningar né skulu þau tilgreind í 1. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eða síðari breytingar hennar um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna. Öll logavarnarefni, sem eru notuð í hluti úr plasti sem veга meira en 25 g, skulu tilgreind með nafni og CAS-númeri í skjölum með umsókninni.

6. Notendaleiðbeiningar

Selja skal tækið með notendahandbók sem veitir ráðleggingar um rétta notkun með tilliti til umhverfissjónarmiða, og sérstaklega skal tiltaka:

- 6.1. á forsiðu eða fyrstu síðu setninguna: „Upplýsingar um hvernig halda má umhverfisáhrifum í lágmarki er að finna í þessari notendahandbók.“,
- 6.2. ráðleggingar um hagstæðustu orkunotkun við rekstur tækisins, þ.m.t.:
 - 6.2.1. leiðbeiningar um staðsetningu eða uppsetningu kælliskápsins þar sem m.a. koma fram mál þess lágmarksrýmis sem halda þarf auðu kringum tækið til að tryggja nægilega hringrás lofts og einnig ábending þess efnis að minnka megi orkunotkun umtalsvert ef tækinu er komið fyrir, ef notandi getur komið því við, á óupphituðum eða lítið upphituðum stað,
 - 6.2.2. ábending til notandans um að staðsetja tækið ekki í námunda við varmagjafa (svo sem bökunarofn eða miðstöðvarofn) eða þar sem sól skin beint á það; ábending, ef við á, um að notandinn skuli veга og meta þann kost að einangra tækið frá hitagjöfum staðsettum í vegg eða undir gólfí,
 - 6.2.3. ábending um að stilling hitastillis ráðist af umhverfshita og því ætti að fylgjast með hitastillingunni með heppilegum hitamæli (skýra skal hvernig það skuli gert),
 - 6.2.4. ábending um að láta heitar matvörur kólna áður þær eru settar í tækið, þar sem gufan frá matvörunum stuðlar að ísingu í uppgufunareiningunni, en hins vegar ætti sá tími sem matvaran er látin kólna að vera sem stytur af heilbrigðis- og hollustuástæðum,
 - 6.2.5. ábending um að halda uppgufunareiningunni lausri við þykkt íslag og að tíð afísing geri það auðveldara að fjarlægja íslagið,
 - 6.2.6. ábending um að skipta um þéttlista á hurð ef hann virkar ekki eðlilega,
 - 6.2.7. ábending um að þegar tæki hefur verið fært úr stað skuli hæfilegur tími líða þar til kveikt er á því aftur,
 - 6.2.8. ábending um að halda eimsvalanum aftan á tækinu og rýminu undir honum lausu við ryk og eldhúsóhreinindi,
 - 6.2.9. upplýsingar þess efnis að sé framangreindum atriðum ekki fylgt aukist orkunotkunin og rekstrarkostnaður að sama skapi,
- 6.3. ábending um að forðast skuli allar skemmdir á eimsvalanum (varmaskiptinum) aftan á tækinu eða annað sem getur leitt til þess að kælimiðillinn komist í snertingu við umhverfið vegna þeirrar hættu sem það getur haft í för með sér fyrir umhverfi og heilsu. Í notendahandbókinni skal koma skýrt fram að ekki skuli nota egghvassa hluti (svo sem hnífa, skráfjárn o.fl.) til að fjarlægja ís þar eð þeir gætu skaddað uppgufunareininguna,
- 6.4. upplýsingar þess efnis að tækið sé gert úr hlutum og efnum, m.a. vökvum sem eru endurnýtanleg og/eða endurvinnanleg,
- 6.5. ráðleggingar um hvernig neytandinn getur nýtt sér endurviðtökutilboð framleiðanda.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að tækið uppfylli þessar kröfur. Umsækjandi skal leggja fram afrit af notendahandbók til þar til bærrar stofnunar er metur umsóknina.

7. Takmörkun á hávaða

Hávaði sem berst í lofti frá tækinu, reiknaður sem hljóðafli, skal ekki fara yfir 40 dB(A) (re 1 pW).

Upplýsingar um hávaðastig tækisins skulu standa þar sem neytandinn fær auðveldlega komið auga á þær. Þetta skal gert með því að koma þessum upplýsingum fyrir á orkumerkimiðanum fyrir kælliskápa.

Mæling á hávaða og upplýsingarnar varðandi hávaða skulu vera í samræmi við tilskipun ráðsins 86/594/EEB ⁽¹⁾, eftir staðlinum EN 28960.

Þessi viðmiðun gildir ekki um frystikistur sem gefnar eru upp sem 9. flokkur: „frystikistur til heimilisnota“ í IV. viðauka við tilskipun 94/2/EB.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur.

8. Umbúðir

Umbúðir skulu standast eftirtaldar kröfur:

- 8.1. Auðvelt skal vera að skilja mismunandi efni umbúðanna að í höndunum til þess að auðvelda endurvinnslu.
- 8.2. Ef pappambúðir eru notaðar skulu að a.m.k. 80% þeirra vera úr endurunnu efni.

Umsækjandinn skal lýsa því yfir að umbúðirnar uppfylli þessa kröfu og leggja fram sýnishorn af þeim fyrir þar til bæra stofnun, sem annast úthlutunina, sem hluta af umsókninni.

9. Neytendaupplýsingar

Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

- lítil orkunotkun,
- hnatthlúnunarmáttur í lágmarki,
- lítill hávaði.

Umsækjandinn skal lýsa yfir því að varan uppfylli þessa kröfu og leggja fram afrit af umhverfismerkinu eins og það birtist á umbúðunum og/eða vörunni og/eða fylgiskjölunum.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 344, 6.12.1986, bls. 24. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjórnartíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).